

## Breyting á vottun gæðakerfis Siglingastofnunar

Skrifað af: Administrator

Fimmtudagur, 28. febrúar 2013 14:15

---

Gildissvið vottunar á gæðastjórnunarkerfi Siglingstofnunar Íslands hefur verið víkkað út. Það náði áður til útgáfu alþjóðlegra atvinnuskírteina sjómanna samkvæmt alþjóðasamþykktum, útgáfu alþjóðlegra skemmtibátaskírteina, atvinnukafaraskírteina, útgáfu skírteinis verndarfulltrúa skipa og ferla vegna skráningar skipa. Nú hefur skipavernd, skipsskírteinum og eftirliti með skipum, búnaði þeirra og skoðunaraðilum verið bætt við. Viðbótin er gerð skv. tilskipun 2009/21/EB um samræmi við kröfur fánaríkis. Nánari upplýsingar um stofnunina og starfsemi hennar má finna á heimasíðunni [www.sigling.is](http://www.sigling.is).

